

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

#### 1. gr.

Af hundum í Reykjavíkurborg skal Dýraþjónusta Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Reykjavík.

#### 2. gr.

Við skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 2.200
Árlegt eftirlitsgjald	kr. 10.800
Samtals	kr. 13.000

Fyrir hunda sem undanþegnir eru árlegu eftirlitsgjaldi skv. samþykkt um hundahald skal einungis innheimta skráningargjald kr. 2.200.

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 10.800. Heimilt er að veita allt að 30% afslátt af árlegu eftirlitsgjaldi hafi viðkomandi hundaeigandi sótt námskeið um hundahald sem viðurkennt er af Dýraþjónustu Reykjavíkur.

#### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs óskráðs hunds ber að innheimta kr. 33.000 handsömunargjald. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

#### 5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 715/2021 fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 1. september 2022.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2022